



 Hjálparstarf  
kirkjunnar

Starfsskýrsla **2015-2016**

# Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2015 - 2016

Aðalfundur

24. september 2016

haldinn í Grensáskirkju



actalliance

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	4	<b>Valdefling</b>	20
<b>Þróunarsamvinna</b>	5	Ráðgjöf	21
<b>Epíópía</b>	5	Sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf	21
Tryggjara lífsviðurværi íbúa í Jjiga- og Tuluguladehéruðum í Sómalífylki	5	<b>Málsvarastarf</b>	22
<b>Inndand</b>	8	Velferðarvaktin	22
Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki	8	Starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga	22
<b>Úganda</b>	10	Samráðshópur um málefni utangarðsfólks	22
Bætt lífskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda	10	EAPN - European Anti Poverty Network og PeP á Íslandi	23
<b>Neyðaraðstoð</b>	11	Aðili að Almannaheillum	23
Epíópía – neyðaraðstoð vegna þurrka og uppskerubrests	11	Aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands	23
Nepal – uppbyggingarstarf í kjölfar jarðskjálfta	11	<b>Fræðsla og fjáröflun</b>	24
Sýrland – neyðaraðstoð við flóttafólk	12	<b>Útgáfa</b>	24
<b>Samstarf og fundir um þróunarmál</b>	12	Fréttablaðið <i>Margt smátt...</i> og Fréttabréf til <i>Hjálparliða</i>	24
Samstarfsfundur kirkjutengdra hjálparstofnana á Norðurlöndum	12	Vefsíðan help.is og Facebook	24
Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu – SÍMAH	12	<b>Fræðsla</b>	24
Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins	12	Heimsóknir til hópa	24
Þróunarsamvinna ber ávöxt	13	Rödd í miðlum	24
<b>Breytendur - Changemaker á Íslandi</b>	14	<b>Fjáröflun</b>	25
<b>Verkefni innanlands</b>	16	Söfnun fermingarbarna	25
<b>Efnislegur stuðningur við fólk í fjárhagslegri neyð</b>	16	Jólasöfnun	25
Inneignarkort í matvöruverslanir	16	Páskasöfnun	25
Jólaaðstoð	19	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	25
Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum	19	Styrktarframlög	25
Fatasöfnun og fataúthlutun	19	Aðrar fjáröflunarleiðir	26
Velferð barna	19	<b>Fjármál</b>	27
Framtíðarsjóður	20	Söfnunarfé og útgjöld	27
		Framlög til verkefna	27
		<b>Skipulag, stjórn og starfsfólk</b>	28
		<b>Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar</b>	29

## Inngangur

Gott starfsár að baki og enn betra ár framundan!

Nýtt starfsár er hafið hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og við lítum yfir farinn veg, þökkum fyrir frábæran stuðning og heitum að gera enn betur á nýju ári. Í þessari starfsskýrslu má lesa um það sem hefur verið gert á síðasta starfsári. Allt þetta starf er mögulegt vegna frábærs stuðnings frá einstaklingum, söfnuðum, samtökum, stofnunum og sjálfbòðaliðum sem mæta til vinnu í hverri viku með bros á vör.

Markmiðið er alltaf að hjálpa til sjálfshjálpar. Sjálfbærni er málið í dag, að geta staðið á eigin fótum. Við viljum finna sterkar hliðar manneskju og efla þær enn frekar og styrkja þannig veikar hliðar og byggja upp. Þetta á við í verkefnum á Íslandi, á Indlandi, í Úganda, í Eþíópíu, í Sýrlandi og í Nepal.

Jörðin með öllum sínum auðlindum er okkar allra. Vinnum að því saman að þetta séu ekki bara orð á blaði heldur raunveruleiki í lífi allra. Vinnum að því saman að orð eins og „hjálp til sjálfshjálpar“ og „sjálfbærni“ séu ekki bara orð heldur raunveruleiki í lífi fólks. Lestu um slíkan raunveruleika á næstu blaðsíðum.

Gleðilegt starfsár.

*Bjarni Gíslason  
framkvæmdastjóri*

## Þróunarsamvinna

Í þróunarsamvinnu vinnur Hjálparstarf kirkjunnar með staðbundnum hjálparsamtökum og Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, Lutheran World Federation, Department for World Service. Fleiri en 2,7 milljónir jarðarbúa nutu aðstoðar samtakanna á starfsárinu en yfir 8.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun sem og menninguna, venjur og tungumál. LWF DWS er fimmti stærsti samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, í heiminum.

### Eþíópía

Þrátt fyrir töluverðan hagvöxt undanfarin ár var Eþíópía númer 173 af 187 ríkjum á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna árið 2014 þegar Ísland var í þrettánda sæti. Íbúar Eþíopíu telja um 90 milljónir en 80% þeirra búa í dreifbýli og hafa lífsviðurværi af landbúnaði sem háður er úrkomu en hún er af mjög skornum skammti.

Í Eþíopíu hafa miklir þurrkar í fyrra og í vor valdið endurteknunum uppskerubresti þannig að búfé hefur fallið úr hor og milljónir íbúa hafa orðið háðar aðstoð um lífsviðurværi. Stjórnvöld í landinu brugðust skjótt við með matarsendingum á verstu þurrkasvæðin. Þau hafa hins vegar ekki ráðið óstudd við ástandið en auk þess að glíma við þessar afleiðingar El Nino veðurhamsins er Eþíópía nú stærsta móttökuríki flóttafólks í Afríku með fleiri en 700.0000 manns í flóttamannabúðum víðs vegar um landið.

Sómalífylki í Austur-Eþíopíu er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í landinu. Það þekur 144 þúsund ferkílómetra og þar búa yfir fimm milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Grunnstoðir samfélagsins eru veikar og fjarskipti og samgöngur eru léleg. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskortum og vannæringu í fylkinu. Um ein milljón íbúanna er háð mataraðstoð að staðaldri.

Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuáttvinnugrein í fylkinu en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsir, hveiti, bygg og khat. Vatnsskortur í fylkinu hefur leitt til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknaþjónusta er stopul. Skortur er á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Allt leiðir þetta til þess að fæðuöryggi er mjög takmarkað og lífsskilyrði slæm.

### Tryggjara lífsviðurværi íbúa í Jijiga- og Tuluguladehéruðum í Sómalífylki

Í Jijiga- og Tuluguladehéruðum í Sómalífylki vinnur Hjálparstarfið á átta svæðum (kebele) með 34.710 sjálfsþurftarbændum og hálfhirðingjum. Starfið á svæðinu hófst í nóvember 2007 en áætlað er að yfirstandandi verkefni ljúki árið 2017. Samstarfs- og framkvæmdaraðili er Lútherska heimssambandið og Eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan.



Verkefnið var þróað í nánu samstarfi við íbúa og opinbera aðila í héruðunum. Það hefur skipt miklu um góðan framgang verkefnisins og byggt upp þekkingu á staðnum. Verkefnið er langstærsta erlenda verkefni Hjálparstarfsins til þessa en alls var 47,4 milljónum króna varið til þess á starfsárinu 2015–2016. Utanríkisráðuneytið fjármagnaði 70% verkefniskostnaðar en 30% fjármagns var aflað meðal almennings í söfnunum.

Meginmarkmið verkefnisins er að treysta fæðuöryggi og framfærslumöguleika markhópsins með því að auka aðgengi að vatni, stuðla að betri ræktunaraðferðum og meiri framleiðni ásamt því að stuðla að valdeflingu kvenna öllu samfélaginu til farsældar.

## Markmið verkefnisins:

### 1. Að bæta heilsufar með aðgengi að drykkjarhæfu vatni og auknu hreinlæti

#### Á starfsárinu

- voru brunnar grafnir og vatnsþrær byggðar
- var gert við gamla brunna
- voru kamrar reistir
- var fræðsla veitt um skilvirka stjórnun vatnsbóla

Fjórar birkur eða vatnsþrær voru grafnar á árinu 2015 og fyrri hluta árs 2016 og þannig fengu 5600 íbúar betra aðgengi að vatni og 5500 skepnur. Fjórir brunnar voru handgrafnir og nýttast þeir 7750 íbúum og 5300 skepnum þeirra. Alls fengu því 13.350 íbúar viðunandi aðgengi að drykkjarvatni á tímabilinu. Þá voru níu kamrar settir upp og þá nota 225 einstaklingar nú. Í kjölfar brunna- og birkugerðar er vinnuálag á konur og stúlkur minna. Þær verja nú 15–20 mínútum til þess að sækja vatn í stað þremur klukkustundum að meðaltali áður.



### 2. Að bæta heilsufar og treysta fæðuöryggi með meiri og betri framleiðslu

#### Á starfsárinu

- fengu konur hænsn til að bæta fæðuval heimilisins og auka afkomumöguleika
- fengu konur dráttardýr til að geta aukið framleiðslu ræktunar
- fengu bændur endurbætta plóga, þreskivélar og skóflur til að auðvelda jarðyrkju
- var fræum dreift til bænda fyrir ræktun sem og trjágræðlingum til gróðursetningar
- voru nýjar tegundir til jarðræktar kynntar til sögunnar

- voru trjágræðingar ræktaðir til jarðvegsbindingar og til að mynda skjól fyrir aðra ræktun
- var fræðsla veitt um kosti víxlræktunar fjölbreyttra og þurrkaþolinna korntegunda
- var fræðsla veitt um afleiðingu ofbeitar
- fengu bændur þjálfun í náttúruvernd
- var unnið að náttúruvernd í hópastarfi um góða stjórnun auðlinda
- var þjálfun veitt í heyverkun
- var fræðsla veitt um hvernig auka má geymsluþol uppskerunnar
- fengu dýraliðar viðbótarfræðslu og þjálfun um meðferð dýrasjúkóma
- voru lyf og áhöld veitt til að bólusetja og meðhöndla dýr
- fengu bændur tæki og tól til hunangsframleiðslu
- var námskeið haldið í hunangsframleiðslu



Til þess að treysta fæðuval og auka afkomumöguleika heimilisins fengu 240 fátækar mæður einn hana og tvær hænur hver. Þær seldu egg á markaði og nýttu sem fæðu fyrir fjölskylduna og þannig fengu börnin betri og fjölbreyttari næringu. Tuttugu einstæðar mæður fengu uxu á fyrri hluta árs 2016 og gátu þær í framhaldinu þrefaldað maísframleiðslu á landskika sínum en áður plægðu þær með haka eða biðu þess að get leigt uxu af öðrum og þá var tími þeirra til að plægja af skornum skammti.

Í kjölfar þjálfunar átta dýraliða úti í sveitum er búfé við betri heilsu og þjónustan er komin mun nær fólkinu. Áður tók 3-4 klukkustundir að sækja þjónustu fyrir dýrin en nú tekur það 15–30 mínútur. Um 880.000 dýr voru bólusett eða fengu annars konar meðferð hjá dýrliðum árið 2015 og fyrstu 6 mánuði 2016.

Eins og annars staðar í Eþíópíu olli veðurfyrirbærið El Nino miklum þurrkum í Sómalífylki og því varð uppskeran mjög léleg á árinu 2015 eða aðeins um 35-40% af því sem vænst var. Þá bætti ekki úr skák að skortur var á þurrkaþolnum fræjum á markaði og torveldaði það dreifingu fræja til bænda á árinu 2015.

### 3. Að auka völd og áhrif kvenna

Konur á verkefnasvæðunum hafa takmarkað vald yfir landi, búfénaði og peningum og hafa því fá tækifæri til að taka ákvarðanir sem varða líf þeirra. Valdleysið hefur neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og þar með samfélagsins alls. Stór þáttur í verkefninu er því að efla völd og áhrif kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

### Á starfsárinu

- var sparnaðar- og lánaþópum kvenna komið á laggirnar
- fengu konur örlán til að hefja eigin atvinnurekstur
- voru haldin námskeið fyrir karla og konur sem miðuðu að valdeflingu kvenna
- var haldin vinnustofa fyrir skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í hjónaband
- fengu sjálfbóðaliðar fræðslu um hugmyndafræði sjálfbærni og um þátttökustjórnun

Síðan árið 2014 hafa 20 sparnaðar- og lánaþópar kvenna verið myndaðir og eru starfandi nú. Árið 2015 og fyrri hluta 2016 fengu 246 konur í 12 þópum fræðslu og lán til að hefja atvinnurekstur svo sem geitarækt, laukrækt og smáverslunarekstur. Konurnar greiða lánin til baka og nota síðan tekjur af rekstrinum til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nytjahluti fyrir heimilið. Síðast en ekki síst hafa tekjurnar nýst til að kaupa vatn yfir versta þurrkatímann.

Í maí 2016 fóru framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar í starfsferð til Jijiga þar sem þau hittu verkefnisstjóra og skjólstæðinga verkefnisins. Í matsferð um svæðið sáu þau hvar verið var að múra upp vatnsþró og eins sáu þau brunn í notkun sem grafinn hafði verið ári fyrir fyrir fjárstuðning frá Íslandi. Á vettvangi sáuast afleiðingar þurrka á svæðinu því dýrahæra sáu frá veginum þar sem ekið var um. Augljóst var að verkefnisstjórar voru í góðum tengslum við skjólstæðinga verkefnisins sem tjáðu sig óhikað um ástandið á svæðinu. Rætt var við konur sem höfðu komið sér upp eigin atvinnurekstri með því að opna verslun með dagvörur og gekk rekstur þeirra vel. Spennandi nýjungar í verkefninu eru býflugnarækt, hunangserð og stíflugerð til að halda vatni í farveginum. Árangurs af þeim verkþáttum mun væntanlega gæta á starfsárinu 2016–2017.



## Indland

Indverjar hafa búið við góðan hagvöxt undanfarna áratugi en lífsgæðum þar hefur verið misskipt milli þjóðfélagshópa og fátækt er stórt samfélagslegt úrlausnarefni. Dalítar eða hinir ósnertanlegu eru þeir fátækustu í samfélaginu og félagsleg réttindi þeirra eru lítil sem engin. Ein leið til þess að rjúfa vítahring fátæktar er að styðja börn til náms en með menntun aukast möguleikar á vel launuðu starfi og aðgengi að heilsugæslu. Stúlkur sem fá tækifæri til skólagöngu eru gefnar í hjónabönd eldri að árum og lífsmöguleikar stúkna og barna þeirra aukast.

### Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India eða UCCI, var stofnuð árið 1972 og hefur síðan þá hjálpað fátæku fólki og börnum þeirra með því að halda úti



skólustarfi og heimavist ásamt matargjöfum og spítalarekstri í Andhra Pradeshfylki. Hjálparstarf kirkjunnar hefur í rúman aldarfjórðung stutt starfið með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds bygginga og til starfsemi spítalans.

Mörg barnanna sem styrkt eru til náms eru Dalítar. Þau eru fæst munaðarlaus en sakir fátæktar og fordóma komast þau ekki í almenna skóla. Þegar börnin hefja skólagöngu hjá UCCI opnast þeim möguleiki til betra lífs en félagsleg staða þeirra og fátækt annars býður þeim. Auk þess er þeim um leið forðað frá óhófllegri vinnu, hungri og skorti á lækniþjónustu. Skólustarfið er því mikilvæg forvörn gegn því að börn lendi í vinnubrækkun.

Flest börnin ganga í Emmanúelskólann í þorpinu Kethanakonda. Nokkur eru í Janet English Medium School þar sem kennt er á ensku og loks styður Hjálparstarfið ungmenni til náms í iðn- og verkþjálfunarskóla.

Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn fylgir almennri námsskrá fylkisins en 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði þótt ekki séu allar stofur búnar bekkjum og borðum.



Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala UCCI. Vari veikindi lengur en í 3-4 daga eru börn send heim í umsjá foreldra sinna en fá send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi á sjúkrastofu UCCI en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Börnin fá fatnað og skóladót á hverju ári.

Tíu starfsmenn auk kennara starfa við Emmanúelskólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heimalærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist.

Kristið trúarlíf er áberandi við skólann enda samtökin kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtogar og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir stuðningi við ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna sem hafa fengið heitið *Fósturforeldrar* um framlög. Með þessu fyrirkomulagi þurfa Fósturforeldrar aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að bera ábyrgð á því að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Fyrirkomulagið tryggir þannig stöðugleika í skólagöngu barnanna.

Fósturforeldrar fá árlega upplýsingar um námsárangur, nýja mynd af barninu og jóla-kveðju. Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð

Í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti fyrr en þau eru orðnir unglingar. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella.

Á þessu starfsári styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og 300 íslenskir fósturforeldrar alls 352 börn og ungmenni til skólavistar, 67 þeirra ganga í grunnskóla og 285 eru í bóklegu eða verklegu framhaldsnámi. Við skólann er einnig rekin sjúkrastofa fyrir nemendur jafnt sem fátæka íbúa í nágrenni. Alls var 18.9 milljónum króna varið til verkefnisins starfsárið 2015- 2016.

## Úganda

Á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Rakai og Lyantonde í Úganda leggst vatnsskortur, fátækt, HIVsmit og alnæmi á eitt um að gera fólki lífið erfitt. Alnæmissjúkir falla frá eftir erfið veikindi og eftir standa munaðarlaus börn, ekkjur og aldnar ömmur með barnabörn á framfæri sínu.



Stuðningsnet samfélagsins er grísjótt þar sem margir eru fallnir frá og hver hefur nóg með sig. Kraftur til vinnu er lítill vegna veikinda og tími aðstandenda til tekjuöflunar með ræktun eða öðrum leiðum er lítill þar sem tíminn fer að mestu í að hugsa um þá veiku og langt er að sækja vatn þó ekki sé nema til lágmarksneyslu daglega. Vatnsskorturinn kemur svo í veg fyrir persónulegt hreinlæti og að áhöld og hífli séu þríf. Óhreinlætið yfir undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar fái umgangspæstir og sýkist af sjúkdómum sem berast með vatninu.

### Bætt lífsskjör HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda

Hjálparstarf kirkjunnar hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum í þágu HIVsmitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakai, Lyantonde og Sembabule þar sem nýsmit HIV hefur verið tíðara en annars staðar í landinu. Síðasta starfsárið hefur samstarfið verið við samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO) sem spröttin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins, í Rakai og Lyantonde.

Markhópur verkefnisins er fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIVsmitaðar einstæðar mæður og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smíthættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningrvatns-

söfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna og með viðhaldi á brunnnum í héruðunum. Fólkið fær svo geitur og hænur til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

Stuðningi utanríkisráðuneytisins við verkefnið lauk árið 2014 og dró því mjög úr umfangi þess en á þessu starfsári voru reist 3 hús með vatnstönkum, eldaskálum og kömrum með 2,7 milljóna króna lokaframlagi Hjálparstarfs kirkjunnar.

## Neyðaraðstoð

Neyðaraðstoð erlendis veitir Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við að Alþjóðahjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum.

### Eþíópía – neyðaraðstoð vegna þurrka og uppskerubrests

Á starfsárinu ollu miklir þurrkar endurteknum uppskerubresti í Eþíópíu þannig að búfé féll úr hor og milljónir íbúa urðu háðar aðstoð um lífsviðurværi. Stjórnvöld í landinu brugðust skjótt við með matarsendingum á verstu þurrkasvæðin en réðu ekki óstudd við ástandið. Auk þess að glíma við þurrkana sem raktir eru til El Nino veðurkerfisins er Eþíópía nú stærsta móttökuríki flóttafólks í Afríku með fleiri en 700.000 manns í flóttamannabúðum víðs vegar um landið.

Hjálparstarf kirkjunnar svaraði neyðarbeiðni frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, og sendi í júní 11,5 milljónir króna til neyðaraðstoðar við 4.670 sjálfsþurftar-bændur í Lalibela í norðurhluta landsins. Utanríkisráðuneytið tók þátt í verkefninu með styrk að upphæð 10 milljónum króna.

Neyðaraðstoðin sem enn er í gangi felst í því að greiða vinnufæru fólki laun fyrir vinnu við að grafa áveituskurði og flóðvarnargarða. Óvinnufærir fá sömu upphæð til lágmarks fæðuöflunar frá degi til dags þar til uppskera fæst á ný á haustmánuðum. Verkefnið er bæði hugsað sem skammtímalausn þar sem launin duga til að kaupa mat og aðrar brýnar nauðsynjar fyrir en um leið kemur vinnan í veg fyrir að úrhelli regntímans flæði yfir og beri með sér dýrmæt ræktarland þegar loks rignir á ný.

Í maí 2016 fóru framkvæmdastjóri og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar í starfsferð til Lalibela þar sem þau hittu verkefnisstjóra og sáu skjólstæðinga verkefnisins að störfum. Vettvangsferðin nýttist vel til að skýra frá ástandinu eftir heimkomu, meðal annars í sjónvarpsfréttum RÚV.

### Nepal – uppbyggingarstarf í kjölfar jarðskjálfta

Hjálparstarf kirkjunnar sendi í febrúar 2016 framlag upp á 21 milljón króna til neyðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, við 308 þúsund íbúa sem urðu illa úti í jarðskjálftanum í apríl 2015. Aðstoðin fólst í því að tryggja fólkinu hreint vatn og

hreinlætisaðstöðu, heilbrigðisþjónustu, húsaskjól og stuðning við viðgerð á húsnaði, matarföng, áfallahjálp og sálrænan stuðning. Utanríkisráðuneytið kom að verkefninu með því að leggja til 95% framlagsins.



### Sýrland – neyðaraðstoð við flóttafólk

Í febrúar 2016 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 22,5 milljónir króna, þar af 20 milljóna styrk frá utanríkisráðuneytinu, til neyðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, við flóttafólk í Sýrlandi, Jórdaníu og Líbanon.

Til að mæta brýnum grunnþörfum eru flóttafólkinu tryggð matarföng, húsaskjól með hreinlætisaðstöðu og aðgangur að heilsugæslu. Skólastarfi er haldið úti fyrir börn og börnum og unglingum veittur sálrænn stuðningur en með honum er ungu flóttafólki frá Sýrlandi sem dvelur í flóttamannabúðum og ungu fólki frá móttökuþjóðum hjálpað við að takast á við erfiðar aðstæður.

## Samstarf og fundir um þróunarmál

Hjálparstarfið tók þátt í eftirfarandi samstarfi mannúðarsamtaka á starfsárinu:

### Samstarfsfundur kirkjutengdra hjálparstofnana á Norðurlöndum

Fundurinn var haldinn í Danmörku í ágúst 2015. Til umræðu var m.a. grafalvarleg staða flóttafólks frá Sýrlandi og ábyrgð stjórnvalda í Evrópu á mannsæmandi móttöku og aðstoð við fólkið sem streymir til Evrópu í leit að skjóli. Í lok fundar sendu framkvæmdastjórar systurstofnana á Norðurlöndum frá sér sameiginlegt ákall um tafarlaus viðbrögð stjórnvalda til að lina þjáningar fólks á flótta.

### Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu – SÍMAH

Þátttakendur eru ABC-barnahjálp, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorp og UN Women. Reglulegir samráðsfundir samtakanna eru mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hverra samtaka fyrir sig.

### Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Fulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar er meðal varamanna fimm fulltrúa SÍMAH sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytis-

ins. Skipað var í ráðið fyrir árin 2014-2017 en í því eru einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál.

### Þróunarsamvinna ber ávöxt

Samstarf upplýsingafulltrúa mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi hefur legið niðri síðan í september 2015 vegna óvissu um framtíðarfyrirkomulag og leiðtogahlutverk Þróunarsamvinnustofnunar í samstarfinu. Í árslok 2015 var stofnunin lögð niður og þróunarsamstarf fært undir utanríkisráðuneyti. Engir samstarfsfundir hafa verið eftir það.

## Breytendur - Changemaker á Íslandi

Breytendur – Changemaker á Íslandi – er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar. Hreyfingin hóf störf árið 2006 og fagnar því 10 ára afmæli á árinu 2016. Alþjóðlega Changemakerhreyfingin á rætur sínar í Noregi en þar og í Finnlandi er hreyfingin sérlega öflug. Breytendur vilja fræðast um og hafa áhrif á stöðu fátækari þjóða heims. Hreyfingin er jafnframt vettvangur fyrir ungt fólk sem vill hafa áhrif og vera þátttakendur í lýðræðis-samfélagi.

Markmið Breytanda (Breytönd í nf. et.) er að koma auga á þær hindranir sem ríkari þjóðir heims setja vitandi eða óafvitandi í veg þeirra fátækari og benda á aðgerðir sem hægt er að ráðast í hér á landi og sem hefðu áhrif út fyrir landsteinana. Breytendur vilja beita skapandi hugsun og aðgerðum til að vekja athygli á málefnum sem á þeim brenna hverju sinni.

Breytendur telja að loftslagsbreytingar séu eitt mikilvægasta úrlausnarefni sem alþjóðasamfélagið standi frammi fyrir nú, og þá ekki síst fátæk ríki sem eru illa í stakk búin til að mæta afleiðingum vandans. Hreyfingin telur að áætlanir um að hefja olíuvinnslu í lögsögu Íslands gangi í berhögg við markmið Sameinuðu þjóðanna um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og afstýra þannig verstu afleiðingum hlýnunar jarðar.

Á starfsárinu stóðu Breytendur fyrir gjörningum til þess að vekja athygli á þeirri miklu ógn sem hnattræn hlýnum er við lífsskilyrði þeirra sem minnst mega sín á heimsvísu. Ungmennin dreifðu handgerðum pappírskrekkum á alþjóðlegri ráðstefnu um norðurslóðamál í Hörpu síðasta haust og héldu þar á svörtum blöðrum undir slagorðinu „vekið ekki sofandi dreka!“

Þá tóku Breytendur þátt í Loftslagsgöngu fyrir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember og hvöttu ráðamenn til að gera sitt allra besta til að ná samkomulagi. Breytendur tóku upp myndband og settu á facebook þar sem hreyfinginn hvatti ráðamenn til að gera sitt allra besta til að ná samkomulagi um loftslagsmál á Parísarráðstefnunni.

Í september kom til Íslands lítill Changemaker hópur í mótun frá Sviss. Breytendur tóku þátt í fræðslu til hópsins og komu honum í sambandi við æskulýðshópa í Neskirkju og Laugarneskirkju. Heimsóknin var vel heppnuð og voru krakkarnir í hópnum spenntir fyrir að tileinka sér hugmyndafræðina sem þeir kynntust.

Í Laugarneskirkju er öflugur æskulýðshópur sem hefur undanfarin misseri tileinkað sér hugmyndafræði Breytanda í auknum mæli og starfað í samstarfi við hreyfinguna. Hópurinn hefur lagt mikla áherslu á málefni hælisleitenda og flóttafólks, og hélt í október meðmælagöngu þar sem hvatt var til þess að Dyflinnarreglugerðin yrði lög til hliðar. Þá héldu krakkarnir í hópnum viðburð til stuðnings við albanska fjölskyldu sem fest hafði rætur í hverfinu en beið brottvísunar.



Á aðalfundi Breytanda í janúar voru Hafþór Freyr Líndal, Garðar Ingvarsson, Lilja Ragnheiður Einarsdóttir, Sjafnar Björgvinsson, Þorbjörg Erna Mímisdóttir og Guðrún Mira kosin í stjórn. Á aðalfundi var ákveðið að vandi flóttafólks yrði gerður að umfjöllunar- og baráttumálefni hreyfingarinnar árið 2016 og að sjónum yrði beint að rótum vandans jafnt sem ábyrgð Íslendinga á því að taka sómasamlega á móti fólki á flótta.

Loks var meðmælaganga fyrir trúfrelsi gengin frá Laugarneskirkju í mars þar sem áhersla var lögð á mikilvægi umburðarlyndis og víðsýni í samfélaginu.

## Verkefni innanlands

Á Íslandi starfar Hjálparstarf kirkjunnar með prestum og djáknum í kirkjum landsins, félagsþjónustu sveitarfélaga, Hjálpræðishernum, Rauða krossinum, mæðrastyrksnefndum, heilbrigðisstofnunum, ráðuneytum og verkefnanefndum.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins hafa svigrúm til þess að laga aðstoðina að þörfum einstaklinganna sem til stofnunarinnar leita og geta nálgast fólk á forsendum þess sjálfs. Þeir leggja áherslu á að haga ráðgjöf þannig að hún sé hjálp til sjálfshjálpar. Þeir tvinna saman efnislegan stuðning og valdeflingu og leggja áherslu á að haga starfinu þannig að það leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks.

## Efnislegur stuðningur við fólk í fjárhagslegri neyð

Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfsins liggur til grundvallar efnislegum stuðningi sem veittur er án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða lífsskoðana.

### Inneignarkort í matvöruverslanir

Allt frá því að Hjálparstarfið hóf að veita bágstöddum mataraðstoð upp úr 1990 og til ársins 2011 fólst aðstoðin í að útdeila tilbúnum matarpökkum en í maí það ár breytti stofnunin um aðferð. Nú veitir Hjálparstarfið efnalitlum aðstoð við að halda heimili með því að láta þeim í té inneignarkort í matvöruverslanir. Breytingarnar voru gerðar eftir samráð við þá sem til stofnunarinnar leita en markmiðið er að koma betur til móts við þarfir fólks, að það eigi kost á matarföngum að eigin vali en þurfi ekki að bíða í biðröð eftir matarpoka.


Faglegt mat félagsráðgjafa Hjálparstarfs kirkjunnar og framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara liggja til grundvallar þegar ákvörðun um efnislegan stuðning er tekin. Öllum umsóknum verða að fylgja gögn um tekjur og fastaútgjöld umsækjenda. Sé upphæðin sem afgangur er þegar útgjöldin hafa verið greidd lægri en viðmið umboðsmanns skuldara um upphæð til lágmarksframfærslu fær umsækjandi aðstoð hjá Hjálparstarfinu. Félagsráðgjafar ákveða upphæð aðstoðar hverju sinni og hversu oft skuli lagt inn á inneignarkort hjá hverjum og einum yfir ákveðið tímabil. Að tímabilinu liðnu býðst umsækjanda að koma aftur með uppfærð gögn og staðan er metin að nýju.

Vegna takmarkaðs fjármagns er fullorðnum barnlausum einstaklingum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum beint til annarra aðila sem aðstoða fólk um matarföng en þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum njóta tekjulágir einstaklingar einnig aðstoðar með inneignarkortum í matvöruverslanir.


Á starfsárinu 2015–2016 fengu 2053 fjölskyldur inneignarkort í matvöruverslanir hjá Hjálparstarfinu en það eru 123 fjölskyldum færri en á starfsárinu 2014–2015. Að meðaltali naut hver fjölskylda aðstoðar tvisvar á árinu en greitt var inn á kort í 4258 skipti alls. Má reikna með að 5543 einstaklingar (2053 fjölskyldur með 2,7 í fjölskyldu að meðaltali) hafi notið aðstoðarinnar þegar börn og makar umsækjenda eru talin með miðað við 5875 á fyrra starfsári.




## Einstaklingar bak við afgreiðslur




## Afgreiðslur eftir aldri




## Skipting á milli kynja eftir starfsárum




## Afgreiðslur effir húsnæði



## Framfærslugrunnur umsækjenda



## Þjóðerni umsækjenda



## Jólaaðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að aðstoða fólk í neyð fyrir jól svo það geti gert sér dagamun og gladdst með fjölskyldunni yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en fólkið fær einnig inneignarkort fyrir fatnaði og aðgögnumiða í leikhús og / eða bíó og inneignarkort hjá vinsælum veitingastöðum meðal barna og unglinga. Þá fá foreldrar efnislega aðstoð svo börnin geti fengið jólagjafir sem þau hafa sett á óskalistann.

Á svæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er til að dreifa einskorðar Hjálparstarfið aðstoðina við barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör. Á landsbyggðinni þar sem Hjálparstarfið er eitt að störfum er einstaklingum einnig veitt sérstök aðstoð fyrir jól.

Fyrir jól 2015 var gott samstarf um jólaaðstoð milli Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík, og við Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefndir og Rauða krossinn á Eyjafjarðarsvæðinu og í Árnessýslu. Eins og fyrr gat fólk einnig leitað til presta og djákna í kirkjum vítt um land.

Alls nutu 1453 fjölskyldur (um 3900 manns) um land allt aðstoðar fyrir síðustu jól eða tveim fjölskyldum færri en fyrir jól 2014. Af umsækjendum af öllu landinu voru 81% konur, 55% einstæðir foreldrar, 44% með örorku, 16% voru á framfærslu sveitarfélaga og 15 % voru í launavinnu.

## Aðstoð vegna kaupa á lyfjum og gleraugum

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Hvorki er þó greitt fyrir lyf sem notuð eru að staðaldri né fyrir þríhyrningsmerkt eða ávanabindandi lyf.

Á starfsárinu 2015–2016 nutu 439 einstaklingar um land allt aðstoðar við lyfjakaup eða um 37 manns á mánuði. Meðalupphæð hvernar aðstoðar var 5.304 krónur en Hjálparstarfið greiðir lyfjaverslunum beint fyrir lyfin sem aðstoðað er um. Lyf og Heilsa studdi þennan þátt starfsins með 2,3 milljónum króna á starfsárinu.

Stuðningur vegna gleraugnakaupa er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja um námsstyrk frá Hjálparstarfinu.

## Fatasöfnun og fataúthlutun

Fjölmarginir koma með notaðan fatnað til Hjálparstarfs kirkjunnar sem tekur á móti hreinum og heillegum fatnaði í húsnæði stofnunarinnar að Háaleitisbraut 66 í Reykjavík alla virka daga. Hópur öflugra sjálfboðaliða leggur Hjálparstarfinu lið í viku hverri með því að flokka, brjóta saman og raða í hillur ásamt því að aðstoða þá sem koma til að fá notaðan fatnað hjá stofnuninni fyrir hádegi á þriðjudögum. Á starfsárinu sóttu 564 einstaklingar sér notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu í samtals 713 skipti, þar af 229 í desember.

## Velferð barna

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið

er að styrkja sjálfsmynd þeirra og auka virkni og þátttöku þeirra í samfélaginu. Þrjátíu og átta börn fengu styrk frá Hjálparstarfinu á síðasta starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs.

Sérstakir sjóðir, *Hemmasjóður* og *Pollasjóður*, voru stofnaðir árið 2014 með framlagi frá Hermanni Hreiðarssyni knattspyrnumanni og hljómsveitinni Pollapönki. Í kjölfarið voru búin til gjafabréf með nöfnum sjóðanna á gjafabréfasíðunni [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) til að efla sjóðina sem hafa nýst vel til að styðja börn fjárhagslega svo þau geti iðkað íþróttir með jafnöldrum sínum og stundað tónlistarnám.

Með það að markmiði að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri samveru fengu 30 fjölskyldur aðgangskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Samtals var úthlutað til fjölskyldna 300 bíómiðum, 150 leikhúsmiðum og 170 boðskortum á veitingastaði sem eru vinsælir meðal barna og unglinga.

Í vor fengu átta fjölskyldur aðstoð frá Myllunni og sjálfboðaliðum við að baka kökur og búa til tertur í fermingar- og stúdentsveislur. Foreldrar 25 barna fengu styrk til að senda þau í sumarbúðir. Tuttugu og fimm börn fóru í sumarbúðir KFUM og KFUK foreldrum að kostnaðarlausu og 13 ungmenni fóru á námskeið hjá Dale Carnegie.

Foreldrar 210 barna fengu inneignarkort í ritfangaverslunina A4 í upphafi skólaárs og foreldrar um 100 barna fengu inneignarkort í Lindex og Hagkaupum til að versla skólafatnað. Foreldrar 38 barna fengu greitt fyrir jólagjöf sem börnin óskuðu sér.

Í júní tóku 16 fjölskyldur víðsvegar að af landinu þátt í verkefninu *Samvera og góðar minningar – 4 daga sumarfrí fyrir barnafjölskyldur við Úlfljótsvatn*. Dagskráin var fyrst og fremst miðuð við börn á aldrinum eins til fjórtán ára og mæður þeirra. (sjá nánar undir liðnum Valdefling, *sjálfstyrkingarnámskeið og hópastarf*).

## Framtíðarsjóður

Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja sjálfráða ungmenni til náms sem veitir þeim réttindi til starfs eða inngöngu í láns hæft nám. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring líttillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar. Á starfsárinu fengu alls 65 ungmenni styrk úr Framtíðarsjóði til greiðslu skólagjalda í framhaldsskóla og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrkjar var 25.400 krónur.

## Valdefling

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að ná valdi yfir aðstæðum sínum, bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja fólkið sem til þeirra leitar og vinna síðan með því út frá aðstæðum þess og á þeirra forsendum. Í

öllu starfi er markmiðið að fólk geti aukið getu sína til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglinga sem miðar að því að þau geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

## Ráðgjöf

Félagsráðgjafar taka á móti fólki sem leitar eftir efnislegum stuðningi hjá Hjálparstarfinu, ræða við það og benda á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum. Fjámálaráðgjafi frá fyrirtækinu Velgengni veitir ráðgjöf í sjálfböðavinnu á hverjum föstudagsmorgni og frá áramótum 2014–2015 hefur sálusorgun og sáttamiðlun verið í boði á mánudögum og fimmtudögum.

## Sjálfsstyrkingarnámskeið og hópastarf

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hjálpa fólki til sjálfshjálpar þannig að það finni styrk sinn og geti notað hann til að taka ákvarðanir um eigið líf. Bætt sjálfsmynd stuðlar að meiri virkni sem svo aftur styrkir sjálfsmyndina enn frekar. Efnislegur stuðningur getur verið nauðsynlegur til þess að takast á við erfiðar aðstæður en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Undanfarin misseri hefur Hjálparstarfið þróað starfið til þess að svara sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita.

Veturinn 2015–2016 tóku 12 konur þátt sjálfsstyrkingarnámskeiði sem bar yfirheitið *Heilsueflandi samvera* og haldið var einu sinni í viku í 20 vikur í samstarfi við Hjálpræðisherinn á Íslandi. Námskeiðið hófst í október og lauk í apríl. Á námskeiðinu var meðal annars boðið upp á almenna sjálfsstyrkingu, matreiðslu og föndur.

*Unglingafjör á Úlfjótuvatni* var skipulagt í vetrarfríu grunnskóla í febrúar en þá fóru 15 krakkar í 6.-9. bekk í sumarþúðir skáta við Úlfjótuvatn í tvær nætur á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík. Um tilraunaverkefni var að ræða sem heppnaðist einstaklega vel. Skátarnir skipulögðu dagskrána og buðu unglíngunum meðal annars upp á bogfimi, klifur og kvöldvökur.

*Konur eru konum bestar* er sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur sem hefur verið haldið víðsvegar um landið á vegum Þjóðkirkjunnar allt frá 1989. Í nóvember 2015 fór félagsráðgjafi Hjálparstarfsins á leiðbeinandanámskeið og hélt á vorönn 2016 tvö slík námskeið fyrir konur sem leitað hafa til Hjálparstarfs kirkjunnar undanfarin misseri.

*Samvera og góðar minningar*, skipulagt sumarfrí fyrir barnafjölskyldur, fór fram í samvinnu við Hjálpræðisherinn á Íslandi í sumarþúðum skáta við Úlfjótuvatn 7.–10. júní 2016. Alls tóku 16 konur og börn þeirra, alls 49 manns, þátt í verkefninu en markmiðið með því var að auka virkni og félagslega þátttöku og stuðla að samveru og gæðastundum efnalítilla fjölskyldna. Þá var leitast við að byggja brýr milli menningarheima og stuðla að gagnkvæmri aðlögun fólks af mismunandi uppruna. Þátttakendur lýstu mikilli ánægju með verkefnið sem var byggt á reynslu af samskonar verkefni frá fyrra starfsári.

## Málsvarastarf

Félagsráðgjafar og skjólstæðingar Hjálparstarfs kirkjunnar taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna að farsæld fólks sem býr við skort, stuðla að virkni þess og auka félagslega þátttöku í samfélaginu. Markmiðið er að stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að takast á við fátækt bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Sem stofnun í þriðja geiranum sem vinnur náið með skjólstæðingum er Hjálparstarfið í þeirri stöðu að geta komið auga á annmarka velferðarkerfisins og vekur athygli á þeim og tekur þátt í að leita aðferða sem duga til að takast á við fátækt og félagslega einangrun þannig að fólk fái lifað með reisn.

## Velferðarvaktin

Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í starfi Velferðarvaktarinnar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í júní 2014. Vaktin er skipuð 32 fulltrúum félagasamtaka og opinberra stofnana. Hlutverk Velferðavaktarinnar er að huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna og þá sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra. Vaktinni er ætlað að afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við fátækt svo draga megi úr henni.

Velferðarvaktin starfar í tveimur undirhópum og leiðir félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar hópinn sem fjallar um leiðir til að takast á við sára fátækt. Velferðarvaktin hefur skilgreint viðmið um lágmarksframfærslu sem þá fjárhæð sem er ómissandi fyrir fólk til að geta lifað lífinu með reisn, svo það geti tekið fullan þátt í samfélaginu og sem gerir því kleift ekki aðeins að komast af heldur dafna.

## Starfshópur um endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í starfshópnum sem hefur unnið drög að tveimur frumvörpum, annars vegar til nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með sérstakar þjónusturþarfir, sem ætlað er að leysa núgildandi lög af hólmi, og hins vegar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Starfshópurinn bíður nú umsagnar frá almenningi, félagasamtökum og öðrum aðilum, sem láta sig málefnið varða, um fyrirbyggjandi drög áður en endanlegum tillögum verður skilað til ráðherra á haustmánuðum 2016.

## Samráðshópur um málefni utangarðsfólks

Hjálparstarf kirkjunnar tekur þátt í samráðshópi Reykjavíkurborgar, stofnana og félaga um málefni utangarðsfólks. Markmiðið er að bæta yfirsýn og auka samvinnu milli faghópa svo að utangarðsfólk fái þá nauðsynlegu grunnþjónustu sem því ber. Á starfsárinu beindi hópurinn sjónum sínum að samspili ýmissa úrræða til bata og þarfar utangarðsfólks fyrir heimili en án heimilis er hætta á að úrræði sem í boði eru nýtist ekki sem skyldi.

## EAPN - European Anti Poverty Network og PeP á Íslandi

EAPN er evrópskt tengslanet sem fjallar um leiðir til að þróa árangursríkar aðferðir og beita þeim til að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun. Félagráðgjafar og skjólstaðingar Hjálparstarfsins taka þátt í störfum Íslandsdeildar EAPN. Stofnað var til tengslanetsins í Evrópu árið 1990 en Íslandsdeildin var stofnuð í nóvember 2011.

EAPN lítur svo á að fátækt og félagsleg einangrun séu brot á grundvallarmannréttindum því fátækt gerir fólki ekki kleift að lifa með reisn. Markmiðið er að þrýsta á og kynna stjórnvöldum og stofnunum leiðir til að þróa og beita árangursríkum aðferðum til að fólk komist út úr fátækt og félagslegri einangrun.

PeP á Íslandi (People experiencing Poverty) sem er tengiliður EAPN hérlendis hélt í janúar 2016 ráðstefnu í Reykjavík um notendasamráð í þjónustu við fátæka. Markmiðið með ráðstefnunni var að hefja umræðu um málefnið og skiptast á skoðunum um notendasamráð.

Félagráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar setti ráðstefnuna og félags- og húsnaðismálaráðherra ávarpaði ráðstefnugesti. Meðal umfjöllunarefnis var mikilvægi valdeflingar, hvort hugmyndir um vald væru valdeflandi og samráð um leiðir út úr vímuefnavanda. Þá var rætt um birtingarmyndir fátækta í fjölmiðlum og sagt frá fyrirhuguðum fjölmiðlaverðlaunum PeP á Íslandi fyrir faglega umfjöllun.

## Aðili að Almannaheillum

Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum, regnhlífarsamtökum félaga sem vinna í þágu almennings. Aðalfundur var í maí 2016.

## Aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands. Aðalfundur var í maí 2016.

# Fræðsla og fjáröflun

## Útgáfa

### Fréttablaðið Margt smátt... og Fréttabréf til Hjálparliða

Fjögur tölublöð fréttablaðs Hjálparstarfsins Margt smátt... voru gefin út á starfsárinu. Í september 2015 og júní 2016 var blaðið sent 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskaöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu og sent á flest heimili í landinu.

Á þessu starfsári var farið af stað með að senda reglulegum styrktarmönnum, svokölluðum Hjálparliðum, stutt fréttabréf í tölvupósti á tveggja mánaða fresti.

### Vefsíðan help.is og Facebook

Á vefsíðu Hjálparstarfsins help.is er að finna helstu upplýsingar um starfið. Facebooksíðan hjalparstarf.kirkjunnar er notuð í fjáröflunarskygni, til að segja frá starfinu innanlands og utan og til samræðna við velunnara starfsins.

## Fræðsla

### Heimsóknir til hópa

Fyrir söfnun fermingarbarna fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í byrjun nóvember fóru fræðslufulltrúi og framkvæmdastjóri vítt um land og fræddu tilvonandi fermingarbörn um mikilvægi þess að hafa aðgengi að hreinu vatni og um aðstæður fólks sem býr við vatnsskort. Í fræðslunni heyrðu börnin um árangur af verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar og sáu hvernig hægt er að safna rigningavatni og grafa brunna sem gjörbreyta lífinu til hins betra. Prestar og djáknar í sóknum landsins sögðu einnig frá starfinu í máli og ljósmyndum og sýndu myndband um starfið sem tekið var í Eþíópíu í maí 2015.

Ýmsar stofnanir, samtök, kirkjur og skólar voru heimsóttir til að kynna starfið í máli og myndum. Fræðslufulltrúi tók þátt í málþingi þjóðmálanefndar kirkjunnar um móttöku flóttafólks í október og sagði þar frá tillögum fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar um aðkomu sókna í landinu að þessu brýna málefni. Þá tóku félagsráðgjafar þátt í ráðstefnu um notendasamráð í þjónustu við fátæka sem EAPN, evrópskt tengslanet þeirra sem búa við fátækt, á Íslandi stóð fyrir í janúar.

### Rödd í miðlum

Félagsráðgjafar í innanlandsstarfi, fræðslufulltrúi og framkvæmdastjóri fóru í útvarps- og sjónvarpsviðtöl og greinar þeirra um starfið og aðstæður skjólstaðinga voru birtar í prent- og vefmiðlum. Fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla um starfið og viðtöl gefin í framhaldi af því. Má nefna viðtal við framkvæmdastjóra í sjónvarpsfréttum RÚV um tillögur fulltrúaráðs um aðkomu kirkjunnar að móttöku flóttafólks í september og í júní



sagði framkvæmdastjóri frá þurrkum í Eþíópíu, líka í sjónvarpsfréttum RÚV. Starfsfólk fór í útvarpsviðtöl hjá RÚV, Bylgjunni og útvarpi Sögu. Aðsendar greinar starfsfólks voru birtar í Fréttablaðinu og á visir.is. Samvinna er við Biskupsstofu um birtingu fréttu um Hjálparstarfið á kirkjan.is.

## Fjáröflun

### Söfnun fermingarbarna

Um 2500 fermingarbörn í 66 sóknum vítt um land söfnuðu 7.932.449 krónum fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu með því að ganga í hús dagana 2.- 6. nóvember 2015 með söfnunarbauk Hjálparstarfsins. Söfnunin var sú sautjándi í röðinni en frá árinu 1998 hafa fermingarbörn samtals safnað um 104 milljónum króna til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar.

### Jólasöfnun

Í jólasöfnun 2015 voru valgreiðslur sendar í heimabanka markhóps og safnað fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu og Úganda undir heitinu „Hreint vatn breytir öllu“. Heildarsöfnunarfé í desember 2015 og janúar 2016 að meðtalinni sölu gjafabréfa á vefsíðunni gjofsemgefur.is var 61 milljón króna. Þar af voru 28,5 milljónir eyrnamerkta verkefnum innanlands. Söfnuðir, einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

### Páskasöfnun

Í páskasöfnun 2016 voru valgreiðslur sendar í heimabanka markhóps og safnað fyrir neyðaraðstoð vegna mikilla þurrka og uppskerubrests í Eþíópíu og sem hluta af henni fyrir langtíma vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í landinu. Alls söfnuðust 9.360.132 krónur.

### Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

Á gjafabréfasíðunni gjofsemgefur.is hafa geitur verið vinsælastar gjafa, þá hænur, vatn og gjafabréf til að forða börnum frá skuldaánaud. Af gjafabréfum til styrktar starfinu innanlands hafa Framtíðarsjóður, Það er leikur að læra og mismunandi jólagjafir á Íslandi verið vinsælust. Flestir sem gáfu frjálst framlag til Hjálparstarfs kirkjunnar á vefsíðunni framlag.is á starfsárinu gerðu það án þess að merkja framlagið ákveðnu verkefni. Alls söfnuðust 8.021.029 krónur til verkefna í gegnum vefsíðurnar tvær á starfsárinu.

### Styrktarframlög

Hjálparstarf kirkjunnar nýtur stuðnings frá velunnurum starfsins sem leggja reglulega til ákveðna upphæð til verkefna innanlands og utan. Á starfsárinu stækkaði hópur styrktarmanna eftir að hringt var í markhóp undir yfirskriftinni *Hjálparliðinn*. Upphæð reglulegra styrktarframlaga á starfsárinu nam 15.185.401 krónu. Framlag sókna og presta þjóðkirkjunnar til Hjálparstarfs kirkjunnar nam 7.275.307 krónum á starfsárinu.

## Aðrar fjáröflunarleiðir

Fjölmörg fyrirtæki og félagasamtök lögðu Hjálparstarfi kirkjunnar lið á starfsárinu með rausnarlegum framlögum til starfsins.

Tekjur af sölu Friðarljósa, útikerta Hjálparstarfsins, námu 5.102.617 krónum á starfsárinu. Sala minningarkorta á vefsíðu stofnunarinnar help.is og á skrifstofunni skiluðu tekjum til starfsins og söfnunarsími Hjálparstarfsins 907 2003 var nýttur við safnanir vegna neyðaraðstoðar erlendis.

Í tvær vikur í apríl voru tækifæriskortin *Gleðilegt sumar* – stuðningur við börn á Íslandi, seld í verslunum Bónuss og N1 víða um land. Kortin höfðu fyrst og fremst fræðslugildi.

Söfnunarbaukarnir *Gefðu voninni vængi* voru búnir til á starfsárinu í samvinnu við barnastarf kirkjunnar til notkunar barnastarfi sem og öðru kirkjusstarfi.

Í ágúst 2015 stóðu sjálfboðaliðar Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir flóamarkaði undir skyggni Grensáskirkju og söfnuðu um 320.000 krónum til starfsins innanlands. Veður var gott og mikil og góð stemmning var á markaðinum.

Í október gaf fjöldi tónlistarfólks vinnu sína á tónleikum í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og rann andvirði aðgangsmiða, 500.000 krónur alls, í neyðaraðstoð við flóttafólk frá Sýrlandi.

# Fjármál


## Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2015 til 30. júní 2016 námu 280 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu; söfnun fermingarbarna í nóvember og jóla- og páska söfnun. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einning mikilvægum tekjum. Þá hefur Hjálparstarf kirkjunnar notið góðs af stuðningi stjórnvalda við verkefni bæði hér innanlands og á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar erlendis.


## Framlög til verkefna

69,8 milljónum var varið til þróunarsamvinnu og 55 milljónum til mannúðaraðstoðar. 73,7 milljónum var varið til verkefna innanlands. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 10,6 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 280,2 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 162,4 milljónir króna, hefur stofnunin eyrnamerkt og skuldbundið sig til að greiða um 138 milljónir vegna langtíma verkefna næstu ára.


### Tekjur námu 280 milljónum króna



### 209,1 milljónum króna varið til verkefna



### Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 280,2 milljónum króna



## Skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar innanlands sem utan. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs sem í eru níu fulltrúar prófastsdæma, fimm fulltrúar kirkjuráðs og breytilegur fjöldi fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári var 61 í fulltrúaráði. Formaður framkvæmdastjórnar er úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og á fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði átta sinnum á ári.

### *Framkvæmdastjórn:*

Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi ráðherra, formaður  
Lóa Skarphéðinsdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Páll Kr. Pálsson, hagverkfræðingur

### *Varamenn:*

Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur  
Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri

### *Starfsfólk:*

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri  
Atli Geir Hafliðason, umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl.  
Áslaug Arndal, umsjón með skrifstofu og verkefni í þágu barna á Inlandi  
Kristín Ólafsdóttir, umsjón með fræðslu og fjáröflun  
Sædís Arnardóttir, félagsráðgjafi í innanlandsstarfi  
Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsstarfs

# Fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

## *Sjálfkjörin samkvæmt skipulagsskrá stofnunarinnar*

Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup

## *Skipaðir af kirkjuráði*

Ingibjörg Pálmadóttir  
Páll Kr. Pálsson  
Lóa Skarphéðinsdóttir  
Þorsteinn Pálsson  
Kristín Magnúsdóttir

## *Varamenn kirkjuráðs*

Guðbjörg M. Matthíasdóttir  
Jón Kristjánsson

## *Fulltrúar prófastsdæma*

*Reykjavíkurrófastsdæmi vestra*  
Halldór Kristinn Pedersen

*Reykjavíkurrófastsdæmi eystra*  
Magnús Ásgeirsson  
Vigdís Pálsdóttir

*Kjalarnesrófastsdæmi*  
Sr. Erla Guðmundsdóttir  
Ásgeir Harðarson

*Vesturlandsrófastsdæmi*  
Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson

*Vestfirðarófastsdæmi*  
Hulda Karlsdóttir  
Helga Friðriksdóttir

*Húnavats- og Skagafjarðarófastsdæmi*  
Sigurlaug Guðmundsdóttir

*Eyjafjarðar- og Þingeyjarófastsdæmi*  
Sr. Guðmundur Guðmundsson  
Finnur Baldursson

*Austurlandsrófastsdæmi*  
Gunnlaugur Stefánsson

*Suðurrófastsdæmi*  
Hafsteinn Stefánsson  
Örn Arnarson

## *Fulltrúar kosnir af prestaköllum*

### *Reykjavíkurrófastsdæmi eystra*

*Grafarvogssókn*  
Ingvar Haraldsson

*Árbæjarsókn*  
Guðbjörg Helgadóttir

*Breiðholtssókn*  
Gyða Kristófersdóttir

*Fellasókn og Hólabrekkusókn*  
Gry Ek Gunnarsson  
Guðrún Jónsdóttir

*Seljasókn*  
Jenetta Bárðardóttir  
Matthildur Sverrisdóttir

*Digranessókn*  
Margrét Loftsdóttir  
Þórhildur Garðarsdóttir

*Hjallasókn*  
Dýrleif Ingvaradóttir

*Kársnessókn*  
Benedikt Vilhjálmsson

*Lindasókn*  
María Kristín Lárusdóttir

### *Reykjavíkurrófastsdæmi vestra*

*Ássókn*  
Júlfana Tyrfingsdóttir

*Bústaðasókn*  
Gunnar Sigurðsson  
Magnús Viðar Skúlason

*Dómkirkjusókn*  
Einar Gottskálfsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

*Grensásókn*  
Steinunn Á. Frímannsdóttir  
Ágúst Jónatansson

*Hallgrímssókn*  
Guðlaugur Gunnarsson  
Sigurður Bjarnason

### *Háteigssókn*

Dúfa S. Einarsdóttir

*Langholtssókn*  
Guðrún Áslaug Einarsdóttir  
Anna Þóra Pálsdóttir

*Laugarnessókn*  
Hörður Jóhannesson

*Nessókn*  
Katrín Helga Ágústsdóttir

*Seltjarnarnessókn*  
Margrét Albertsdóttir  
Guðmundur Magnússon

### *Kjalarnesrófastsdæmi*

*Garðasókn*  
Torfey Rós Jónsdóttir

### *Suðurrófastsdæmi*

*Ofanleitissókn*  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Guðbjörg Matthíasdóttir

*Kirkjubæjarkautsprestakall*  
Elín Anna Valdimarsdóttir  
Kristín Lárusdóttir

### *Vesturlandsrófastsdæmi*

*Akranessókn*  
Sigríður Kr. Valdemarsdóttir  
Ragnheiður Grímsdóttir

*Stafholtssókn*  
Sr. Elínborg Sturludóttir

### *Eyjafjarðarófastsdæmi*

*Akureyrarsókn*  
Jón Oddgeir Guðmundsson

*Lögmannshlíðarsókn*  
Baldur Dýrfjörð

### *Þingeyjarófastsdæmi*

*Húsavíkursókn*  
Guðbergur Rafn Ægisson

